



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. B 127/104

komudagur 12.11.2001

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. nóvember 2001

KSG/ÁBS/RMG/073/01

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignaskatt, 114.mál

Ekki virðast vera í frumvarpinu atriði sem snerta Tryggingastofnun beint þannig að tilefni sé til að fjalla sérstaklega um það. Þó er gert ráð fyrir afnámi skattlagningar húsaleigubóta en húsaleigubætur hafa ekki áhrif á tekjutengda bótaflokka almannatrygginga eins og sérstaklega er tekið fram í 11., 12. og 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Hér er því ekki um efnislega breytingu að ræða hvað almannatryggingar snertir.

Í þeim tilvikum sem breytingar á grundvelli frumvarps þessa leiða til hækkunar á skattskyldum tekjum viðskiptavina Tryggingastofnunar eða maka þeirra þá hefur það almennt áhrif til lækkunar á greiðslum tekjutengdra bótaflokka frá Tryggingastofnun. Þetta gæti átt við varðandi 5. tl. b-liðar 17. gr.

Nokkur hluti viðskiptavina Tryggingastofnunar eru í einstaklingsrekstri eða eiga maka sem stunda þannig rekstur. Verði þróunin sú að einstaklingsrekstur færir yfir í einkahlutafélagaform getur það haft nokkur áhrif á greiðslur stofnunarinnar. Í þessu sambandi má benda á að þegar um einstaklingsrekstur er að ræða þá skiptir ekki máli varðandi tekjutengda bótaflokka hvernig afrakstur starfseminnar skiptist á milli reiknaðs endurgjalds og hagnaðar. Báðir þessir tekjuliðir skerða tekjutengdar bætur með sama hætti.

Þegar um einkahlutafélag er að ræða skiptir hins vegar máli hvernig afraksturinn skiptist á milli reiknaðs endurgjalds og arðgreiðslna þar sem einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengda bótaflokka. Skerðing bóta vegna tekna verður því minni hjá aðila sem fær endurgjald frá rekstri í formi arðgreiðslu frá einkahlutafélagi en hjá þeim fær endurgjald í formi hagnaðar frá einstaklingsrekstri.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri